



Tímabundið starfsleyfi

• • • • •

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með leyfi til neðangreinds:

Leyfishafi: Bláskógabyggð,
kt: 510602 4120

Vegna: Brennu við Höfðaveg í Laugarási,

Ábyrgðaraðili: Benedikt Skúlason, kt. 110456 3959,
sími: 893 3661

Starfsemi: Brenna **Leyfið gildir:**
31.12.2018, kl. 20:30-24:00

Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði.

Brenna:

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi sýslumannsembættis fyrir brennunni.
2. Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
3. Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati löggreglu.
4. Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleidslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.
5. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.
6. Fyllstu varúðar skal gætt við bálköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
7. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skyld að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
8. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Óheimilt er að nota hvers konar úrgangsolíu hvort heldur sem er til uppkveikju eða til að viðhalda loga.



- Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

Almennt:

- Leyfishafa er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir frekari fyrirmælum, eftir því sem við á, heilbrigðiseftirlits, sveitarfélags, byggingarnefndar og/eða Brunavarna um staðsetningu, tímasetningu og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.
- Breytingar á staðsetningu eða tímasetningu viðburðar skulu gerðar í samráði við leyfisveitendur.
- Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Selfossi, xx. xxx 20xx,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi